



Um flutning hlutabréfa

Hvernig er flutningi hlutabréfa háttað á milli Nasdaq Iceland og Euronext Amsterdam?

1. Hluthafi sendir beiðni til banka eða fjármálafyrirtækis um flutning hlutabréfa
2. Bankinn eða fjármálafyrirtækið sendir Arion banka fyrirmæli um að framkvæma flutning
3. Arion banki sendir ABN AMRO fyrirmæli um umbreytingu Marel bréfa úr íslenskum krónum yfir í Marel bréf í evrum
4. Í kjölfarið afhendir ABN AMRO banka eða fjármálafyrirtæki í Hollandi bréfin í evrum

Hvernig er flutningi hlutabréfa hagað á milli Euronext Amsterdam og Nasdaq Iceland?

1. Hluthafi sendir fyrirmæli til síns banka eða fjármálafyrirtækis um flutning hlutabréfa
2. Bankinn eða fjármálafyrirtækið sendir ABN AMRO fyrirmæli um að framkvæma flutning
3. ABN AMRO sendir Arion banka fyrirmæli um umbreytingu Marel bréfa í evrum yfir í Marel bréf í íslenskum krónum
4. Í kjölfarið afhendir Arion banki viðkomandi banka eða fjármálafyrirtæki á Íslandi bréfin í íslenskum krónum

Hvað tekur langan tíma að flytja hlutabréf á milli kauphallanna tveggja?

Í báðum kauphöllum fer uppgjör hlutabréfa fram á öðrum virkum degi eftir að viðskipti eiga sér stað (T+2). Sem dæmi þá munu viðskipti framkvæmd á miðvikudegi, að öllu jöfnu vera gerð upp á föstudegi (sé ekki löglegur frídagur þess á milli). Flutningur hlutabréfa í Marel á sér stað á milli 09:30-15:30 GMT.

Purfa hluthafar að greiða tekjuskatt af söluhagnaði við flutning hlutabréfa á milli kauphallanna tveggja?

Hluthafar í Marel gætu verið skyldir til að greiða tekjuskatt af söluhagnaði þegar hlutum er ráðstafað frá Nasdaq Iceland til Euronext Amsterdam auk þess sem útgreiddur arður er að meginstefnu til skattskyldur.

Ég er ekki með vörslureikning í Hollandi. Þarf ég að opna vörslureikning í Hollandi við flutning hlutabréfa frá Nasdaq Iceland yfir á Euronext Amsterdam?

Hluthafar þurfa ekki að opna sérstakan vörslureikning í Hollandi þegar bréf eru flutt frá Nasdaq Iceland til Euronext Amsterdam. Marel hlutabréf sem gefin eru út í Hollandi geta þannig verið vörsluð á íslenskum vörslureikningi hjá viðkomandi banka eða fjármálafyrirtæki.

Ég er ekki með vörslureikning á Íslandi. Þarf ég að opna vörslureikning á Íslandi við flutning hlutabréfa frá Euronext Amsterdam yfir á Nasdaq Iceland?

Hluthafar þurfa ekki að opna sérstakan vörslureikning á Íslandi þegar bréf eru flutt frá Euronext Amsterdam til Nasdaq Iceland. Hlutabréf verða vörsluð á safnreikningum sem viðkomandi banki eða fjármálafyrirtæki er með á Íslandi.